



Ársskýrsla 2017



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Um ársskýrsluna

Apríl 2018

Útgefandi: Starfsmenntasjóður
verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Prentun: Oddi



Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SA,

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Ólafur Finnbogason, SA

Teitur Lárusson, VR, formaður

Starfsmenn sjóðsins voru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, Selma Kristjánsdóttir og Eva Demireva (í fæðingarorlofi frá júlí).

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Tíu stjórnarfundir voru haldnir á árinu auk eins vinnufundar og þriggja aukafunda.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrkja aðildarfyrirtæki samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn veitir einnig styrki til námsefnisgerðar. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs móttframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og raunfærnimats fyrir greinarnar.
4. Að hvetja félagsmenn til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Stjórn hélt vinnufund í febrúar þar sem unnið var með markmið og hlutverk sjóðsins með Sverri Ragnarssyni ráðgjafa. Ákveðið var að vinna að því að hvetja einstaklinga til þess að nýta sjóðinn og fjölga einstaklingsumsóknum, þá sérstaklega frá karlmönnum eldri en 35 ára sem eru síst líklegir til þess að nýta sjóðinn samkvæmt tölfræði styrkúthlutanna. Einnig var ákveðið að sjóðurinn stæði fyrir átaki til vitundarvakningar um þjónustu og fjölbreytileikann í þjónustustörfum.

Um miðbik árs samþykkti stjórn sjóðsins að hækka hámarksstyrk í allt að 130.000 kr. á ári bæði til fyrirtækja og einstaklinga sem taka myndi gildi frá 1. janúar 2018. Samþykkt var að veittur yrði 90% styrkur af reikningi vegna náms, starfstengdra námskeiða og ráðstefna. Þeir félagsmenn sem ekki hafa nýtt styrkinn í 3 ár eiga því rétt á allt að 390.000 kr. uppsöfnuðum styrk fyrir einu samfelldu námi. Einnig var samþykkt að tómskundastyrkur og ferðastyrkur myndu einnig hækka. Tómskundastyrkur yrði þá 50% að hámarki 30.000 kr. á ári og ferðastyrkur 50% að hámarki 40.000 kr. á ári. Ferðastyrkur mun einnig nýtast í uppsöfnun og reiknast sem uppsafnaður ferðastyrkur til þeirra sem rétt eiga á uppsöfnun. Uppsafnaður ferðastyrkur yrði að hámarki 50% af ferðakostnaði að hámarki 120.000 kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti að tómskundastyrkur myndi ekki hafa áhrif á uppsöfnun en myndi dragast frá árlegum hámarksstyrk og tók sú ákvörðun strax gildi, eða frá mars 2017.

Á árinu sóttu 445 félagsmenn um og fengu 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 270.000 kr. á árinu 2017. Árið 2016 voru það 461 félagsmaður sem nýtti sér uppsafnaðan rétt.

Á haustdögum samþykkti stjórn möguleika félagsmanna og fyrirtækis að sækja sameiginlega um styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar kr. 500.000 kr. eða meira. Undanþága er gerð vegna umsókna Diplómanáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Umsóknir eru afgreiddar eftir reglum sjóðsins um starfstengt nám. Sameiginlegur styrkur tók gildi í október 2017.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 674.348.136 kr. árið 2017 en greiddir styrkir úr sjóðnum voru kr. 454.619.419 kr. og eru því greidd iðgjöld í sjóðinn umfram styrki kr. 219.728.717 kr. Sjá mynd 1 og 2.

Iðgjöld og styrkir

Greidd upphæð einstaklingsstyrkja allra aðildarféлага sjóðsins jókst um 4% frá árinu áður. Meðalaldur félagsmanna sem sækja mest í sjóðinn hefur lækkað úr aldrinum 33-44 í 25 ára og yngri. Rúmlega 90% úthlutaðra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms; þar af eru 43% vegna háskólanáms og 15% vegna framhaldsskólanáms. Meðalupphæð styrkja til einstaklinga helst nánast í hendur milli ára, en samdráttur milli ára eru kr. 126, eða 0,25%. Árið 2016 var meðalupphæð styrkja kr. 48.801 og 2017 kr. 48.675.

Greidd upphæð fyrirtækjastyrkja hækkaði um 42% frá 2016. Fjöldi fyrirtækjastyrkja jókst aftur á móti um 18% og hafði aukist um 142% þar á undan. Kostnaður við verkefnið „Fræðslustjóra að láni“ jókst um 49%.


SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóðanna á almenna markaðinum gagnvart fyrirtækjum sem eiga rétt á að sækja um styrk í sjóðina. Áttin einfaldar ferli fyrirtækja að sækja um styrki vegna námskeiða í nokkra sjóði samtímis með einni umsókn.

Áfram var unnið með að sameina gögn félaga LÍV í miðlægan gagnagrunn fyrir sjóðinn sem enn er í gangi.

Á árinu var haldið áfram með að kynna fyrir fyrirtækjum hvernig þau mættu nýta sér sjóðinn líkt og undanfarin ár.

Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 12 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verslunarmanna og voru samtals 11 stéttarfélög frá og með febrúar 2017. Í febrúar 2017 sameinaðist Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS) VR. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna.

AFL Starfsgreinafélag

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)

Framsýn stéttarfélag

Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)

Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)

Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS) (VR frá 1. feb. 2017)

Verslunarmannafélag Suðurnesja (VS)

VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 12 aðildarfélögum sjóðsins, eða 11 frá og með 1. febrúar. Heildarútgreiðsla styrkja í ársreikningi nam kr. 454.619.419 kr. Inn í þeirri upphæð er að finna þróunarverkefni sem eru færð undir liðinn sérverkefni í ársreikningi og fyrir-tækjastyrki.


Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 7.102 árið 2017 og jókst fjöldi einstaklinga um 5% frá árinu áður, en þá fengu 6.740 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3. Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni en ekki fjöldi umsókna á hverju ári.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2017 var 48.675 kr. og helst nánast í hendur milli ára, en meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2016 var 48.801 kr. Samdráttur milli ára var því 126 kr., eða 0,25%. Sjá mynd 4.

Misræmi er í upphæðum einstaklingsstyrkja miðað við eldri ársskýrslur. Það orsakast af villu í skráningu styrkja vegna sameiningar VR og VMS og hefur verið leiðrétt hér með.


Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2




Fjöldi einstaklinga

Mynd 3



Meðalupphæð styrkja til einstaklinga


Mynd 4



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Meðalupphæð eftir félögum

Mynd 5




Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 5.

Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja sjóðsins árið 2017 var 407.947.956 kr. á móti 390.651.956 kr. árið 2016 og jókst útgreiðsla á styrkjum um 4% á milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja hjá VR árið 2017 var 370.554.799 kr. á móti 351.872.107 kr. ári á undan og jókst því um 5% milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja hjá LÍV-félögum utan VR var 37.393.157 kr. árið 2017 á móti 38.779.849 kr. ári á undan og nemur lækkunin 4%. Sjá mynd 6.

Heildarupphæð styrkja

Mynd 6




Sundurliðun á heildarupphæð greiddra styrkja milli LÍV-félaga utan VR má sjá á mynd 7. Heildarupphæð greiddra styrkja hjá VR var sem áður sagði kr. 370.554.799 kr. Á mynd 8 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2016 og 2017. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni. Aldurshópurinn 25-34 ára fylgir fast á eftir en munur milli hópanna er um 9%. Um 4% samdráttur er milli ára í aldurshópnum 25-34 ára og 1% aukning í aldurshópnum 35-44 ára milli ára. Sjá mynd 8.

Flestar umsóknir koma frá yngsta hópnum undir 25 ára, en þar á eftir er það hópurinn 25-34 ára sem er duglegur að sækja um styrk. Aukningu á fjölda umsókna má sjá í öllum aldurshópum nema 45-54 ára og 55 ára og eldri. Aukning nemur allt að 9% í aldurshópnum 24-34 ára og mesti samdráttur er í aldurshópnum 55 ára og eldri eða 5%. Sjá mynd 9.

Heildarupphæð greiddra styrkja LÍV-félaga utan VR

Mynd 7



Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður virkari að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn. Þessar tölur eru nánast óbreyttar á milli ára.


Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Nánast allir greiddir einstaklingsstyrkir eða tæplega 96% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 43% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunnnám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi innan háskóla t.a.m. bókari o.fl. 15% er vegna framhaldsskólanáms. Í öðrum flokkum, þar sem nám er ekki metið til eininga, verður námið að tengjast starfi sjóðsfélaga. Sjálfstyrking fellur t.a.m. þar undir.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 8




Skipting styrkja 2017

Mynd 11




Fjöldi styrkja eftir aldri

Mynd 9




Starfstengur styrkur – tegund náms

Mynd 12



Hlutdeild kynja eftir aldri

Mynd 10



- Ráðstefna 1%
- Tölvunámskeið 1%
- Tungumálanám 2%
- Íslenska fyrir útlendinga 2%
- Óflokkað 3%
- Námskeið í starfstengdri sjálfstýrkingu / starfstengd markþjálfun 5%
- Vottuð námsleið í símenntunarmiðstöð 6%
- Starfstengt símenntunarnámskeið 8%
- Annað (t.d. meirapróf, lyftarapróf) 12%
- Framhaldsskólanám 15%
- Háskólanám 43%

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna Fræðslustjóra að láni voru samanlagt rúmlega 47 milljónir króna og er hlutfall þeirra 10% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 8% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði um tæplega 14 milljónir milli ára eða um 42%.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2017 fengu sem nemur 29.579.461 kr. í afslátt. Þar sem sú tala kemur hvorki inn né út í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja.

Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 8.000 sjóðsfélaga. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 13.


Á mynd 14 má sjá að alls voru veittir 575 styrkir til fyrirtækja á árinu, sem er tæplega 16% aukning frá árinu á undan.

Af þeim 575 styrkjum til fyrirtækja voru 532 styrkir sérstaklega veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds, en það er 18% aukning frá fyrra ári. Sjá mynd 15.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 23 og fjölgaði um sex frá árinu áður. Þrjú fyrirtæki hættu á lækkuðu iðgjaldi á árinu og sex ný bættust við. Sjá mynd 16. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar með heimsóknum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt um 48 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rúmlega 18 milljónir og er afsláttur þeirra því tæplega 30 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækkun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkunin gildir.

Fyrirtæki sem bættust í hóp þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni voru alls 20 á árinu 2017 samanborið við 28 fyrirtæki á árinu 2016. Nokkuð var um áberandi stór fyrirtæki sem tóku þátt í verkefninu 2017 og eru nokkur þeirra með dreifða starfsemi á landsvísu. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir


Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13



Samtals styrkir til fyrirtækja Mynd 14



Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 15



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Jafnframt vinnur hann að mótun fræðsluáætlunar til eins eða tveggja ára í senn. Í lok verkefnis er farið yfir möguleika fyrirtækja varðandi styrkveitingar frá starfsmenntasjóðunum enda lagt upp með að fyrirtæki sækji um styrki í sjóðinn þegar fræðsluáætlun er framfylgt.

Á mynd 18 má sjá dreifingu styrkja til fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir fjölda einstaklinga sem eru á bak við fyrirtækjastyrki og undir hvaða atvinnugreinar þeir falla. Styrkirnir sem um ræðir eru stakir fyrirtækjastyrkir, og „Fræðslustjóri að láni“ verkefni. Að auki er fjöldi þeirra starfsmanna sem starfar í þeim fyrirtækjum sem eru á lækkuðu iðgjaldi tekinn hér með. Sjá má að fjöldinn á bak við styrki í heild- og smásöluverslun er mestur.

Að teknu tilliti til fjölda félagsmanna eftir atvinnugreinum þá er Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun sú atvinnugrein sem nær hlutfallslega til flestra félagsmanna í starfsmenntun árið 2017 eða 40% á móti tæplega 12% í heild- og smásöluverslun, sjá mynd 19. Mynd 19 sýnir hlutfallslega dreifingu styrkja eftir fjölda einstaklinga í viðkomandi atvinnugrein. Á þeirri mynd má sjá að þær atvinnugreinar sem hlutfallslega eru mest áberandi hvað varðar starfsmenntun eru; Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun, Flutningar og geymsla og Fjármála- og váttryggingastarfsemi. Mörg þeirra fyrirtækja sem eru á lækkuðu iðgjaldi eru innan þessara þriggja atvinnugreina. Þau fyrirtæki hafa sýnt fram á virka menntastefnu innan fyrirtækisins og að kostnaður vegna fræðslu félagsmanna frá VR/LÍV á 12 mánaða tímabili er meiri en sem nemur 0,30% af heildarlaunum starfsmanna.

Fræðslustjóri að láni

Mynd 17




Dreifing styrkja eftir atvinnugreinum

Mynd 18

Atvinnugrein	Fjöldi
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	71
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	172
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	191
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	705
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	712
Fasteignaviðskipti	788
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	1.489
Menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi	1.909
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	2.497
Flutningar og geymsla	3.044
Rekstur gististaða og veitingarekstur	3.274
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	3.310
Upplýsingar og fjarskipti	3.777
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	3.815
Framleiðsla	4.189
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	20.582

Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi

Mynd 16



Hlutfall styrkja eftir fjölda einstaklinga

Mynd 19

Atvinnugrein	Hlutfall
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1%
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	3%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	3%
Fasteignaviðskipti	4%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	8%
Framleiðsla	10%
Menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi	10%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	11%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	11%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	12%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	14%
Upplýsingar og fjarskipti	15%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	22%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	28%
Flutningar og geymsla	32%
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	40%

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkti umsókn frá Rauða kross Íslands um rafrænt skyndihjálparnámskeið.

Unnin voru tvö verkefni á árinu að frumkvæði stjórnar SVS. Þau eru þróun fagháskólanáms fyrir verslunarstjóra og ráðstefna um þjónustu og hæfni. Bæði verkefnin endurspeglu hlutverk sjóðsins sem er m.a. að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.

Þróunarverkefni um fagháskólanám

Á tímabilinu var unnið að þróun fagháskólanáms fyrir verslunarstjóra. Verkefnið var eitt affimm þróunarverkefnum á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis, ASÍ, SA og fleiri aðila. Verkefnið á sér langan aðdraganda og unnin var greiningarvinna á tímabilinu. Þar mætti helst nefna viðhorfskönnun sem var send á 328 verslunarstjóra og henni var fylgt eftir með fjarumræðuborði á vegum Maskínu þar sem 28 verslunarstjórar tóku virkan þátt í mótun námsins og uppbyggingu þess. Samstarfsskólar í verkefninu eru Háskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík. Í kjölfar öflugs markaðs- og kynningarstarfs á vegum SVS, VR og SVP skráðu sig alls 43 í námið. Samþykkt var að ráða náms- og starfsráðgjafa sem verkefnastjóra námsins. Ráðgjafinn verður starfsmaður VR og SVS. Haft var samband við þá umsækjendur sem ekki komust inn að þessu sinni og kortlagðir möguleikar hvers og eins til að uppfylla inntökuskilyrðin með það að markmiði að hefja Diplómanámið seinna. 21 nemandi var innritaður í námið þann 9. febrúar 2018.

Ráðstefna um þjónustu og hæfni

Á vinnudegi stjórnar í febrúar var ákveðið að vinna að því að vekja athygli á mikilvægi góðrar þjónustu og tengingu hæfni og menntunar við þjónustu. Í þeim tilgangi var skipulögð ráðstefna þann 22. nóvember sl. á Kaffi Nauthól. Gert var ráð fyrir 100 manns í skráningu og varð fullbókað, en færri komust að en vildu. Spurningar sem leitað var svara við voru m.a. „Þarftu að vera leikari til að veita góða þjónustu?“ „Hvað er góð þjónusta?“ „Geta allir boðið góða þjónustu?“ „Hverjar eru helstu áskoranir sem þjónustufyrirtæki standa frammi fyrir?“ Erindi voru frá S4S, Bláa lóninu, CCP, ASÍ og Bjarti Guðmundssyni.



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningssskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. mars 2018

KPMG ehf.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hreinar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks á árinu 2017 nam kr. 211.839.865. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 986.069.422, bókfært eigið fé í árslok er kr. 965.497.994 og er eiginfjárlutfall sjóðsins 97,9%.

Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegnar og VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 14. maí 2000.

Sjóðurinn er hýstur hjá VR og sér VR um að tryggja rekstur sjóðsins og afgangi styrkja.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.

Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.

Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfs við þau.

Að hvetja félagsmenn til náms.

Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2018

Í stjórn

Arndís Arnarsdóttir, SA


Eiður Stefánsson, LÍV

Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SA

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Ólafur Finnbogason, SA

Teitur Lárusson, VR, formaður



Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Iðgjöld	5	674.348.136	607.133.862
		<u>674.348.136</u>	<u>607.133.862</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(466.548.731)	(424.685.002)
Innheimtukostnaður		(26.157.785)	(24.169.727)
Sérverkefni, kynningarstarf		(13.795.979)	(12.464.420)
		(636.595)	(208.591)
		<u>(507.139.090)</u>	<u>(461.527.740)</u>
Rekstrarhagnaður		167.209.046	145.606.122
Fjármunatekjur	3	56.642.574	31.265.631
Fjármagnsgjöld	4	(7.135)	(3.942)
Fjármagnstekjuskattur		(12.004.620)	(5.768.672)
		<u>211.839.865</u>	<u>171.099.139</u>
Hreinar tekjur til ráðstöfunar		<u>211.839.865</u>	<u>171.099.139</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31. 12. 2017	31. 12. 2016
Verðbréfasafn	7	826.069.771	556.227.195
Óinnheimt iðgjöld	6	52.385.116	47.828.051
Aðrar skammtímakröfur		1.500.000	39.578
Handbært fé		106.114.535	159.930.756
Eignir		<u>986.069.422</u>	<u>764.025.580</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		965.497.994	753.658.129
Eigið fé		<u>965.497.994</u>	<u>753.658.129</u>
 Skuldbindingar			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	9	18.304.222	8.987.658
		<u>18.304.222</u>	<u>8.987.658</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	0	221.827
Aðrar skammtímaskuldir	10	2.267.206	1.157.966
Skuldir		<u>20.571.428</u>	<u>10.367.451</u>
 Eigið fé og skuldir		<u>986.069.422</u>	<u>764.025.580</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld		669.791.071	585.775.517
Greiddir styrkir		(468.009.153)	(424.685.002)
Greiddur kostnaður		(39.702.946)	(37.445.393)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		<u>162.078.972</u>	<u>123.645.122</u>
Innborgaðir vextir		6.966.531	8.263.567
Greiddir vextir		(7.135)	(3.942)
Handbært fé frá rekstri		<u>169.038.368</u>	<u>131.904.747</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Innborgað á verðbréfasafn		(222.854.589)	(234.143.735)
		(222.854.589)	(234.143.735)
Lækkun handbærs fjár		(53.816.221)	(102.238.988)
Handbært fé í upphafi árs		<u>159.930.756</u>	<u>262.169.744</u>
Handbært fé í lok árs		<u>106.114.535</u>	<u>159.930.756</u>

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningasskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringunum hér á eftir.

Skráning tekna

Innheimt iðgjöld eru tekjufærð sem iðgjöld ársins.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur er færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu Starfsmenntasjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Fjármunatekjur

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	7.132.876	8.725.254
Vaxtatekjur af iðgjöldum	1.260.223	1.283.367
Vaxtatekjur af verðbréfasafni	5.578.172	5.546.641
Arður af hlutabréfaeign í verðbréfasafni	31.260	47.729
Gengishagnaður verðbréfasafns	42.640.043	15.662.640
	56.642.574	31.265.631

Skýringar

4. Fjármagnsgjöld

	<u>2017</u>	<u>2016</u>
Vaxtagjöld	7.135	3.942

5. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir greinast þannig:

	<u>2017</u>	<u>2016</u>
Fræðslustyrkir	407.947.956	390.752.666
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	34.759.213	25.013.677
Próunar og sérverkefni	2.683.656	450.000
Styrkir - fræðslustjóri að láni	12.312.250	8.240.659
Ráðstefnur SVS	928.832	0
Fagháskóli - þróun	7.568.824	0
Áttin - þróun	348.000	228.000
	<u>466.548.731</u>	<u>424.685.002</u>

6. Óinnheimt iðgjöld

	<u>31. 12. 2017</u>	<u>31. 12. 2016</u>
LIVE og VR	49.649.328	44.677.745
Vlf. Snæfellsbæjar	30.761	59.960
Vlf. Vestfirðinga	174.316	184.542
Stéttarfélagið Samstaða	81.233	81.771
Vmf. Skagafjarðar	25.657	321.245
FVSA	1.501.573	845.343
Vmf. Suðurlands	0	8.518
Stéttarfélag Vesturlands	174.249	0
Framsýn Stéttarfélag	206.218	0
AFL starfsgreinafélag	351.685	0
Vmf. Suðurnesja	190.096	1.648.927
	<u>52.385.116</u>	<u>47.828.051</u>

7. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign Starfsmenntasjóðsins er verðbréfasafn sem er í vörslu Íslandsbanka hf. Verðbréfasafn Starfsmenntasjóðsins er að markaðsvirði 826.069.771 kr.

	2017	2016
Staða í ársbyrjun	556.227.195	301.744.035
Innborgað á verðbréfasafn	222.854.589	234.143.735
Vaxtatekjur	5.578.172	5.546.641
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(1.261.489)	(917.584)
Verðbreyting ársins	40.298.171	14.164.414
Bóknun	2.373.133	1.545.954
Staða í árslok	826.069.771	556.227.195

8. Eigið fé

	2017	2016
Yfirfært frá fyrra ári	753.658.129	582.558.990
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	211.839.865	171.099.139
Eigið fé 31.12.2017	965.497.994	753.658.129

9. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	31. 12. 2017	31. 12. 2016
Staða í ársbyrjun	8.987.658	5.881.625
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(2.688.056)	(2.662.639)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts 20%	10.340.600	5.768.672
Áhrif breytingar skattprósentu fjármagnstekjuskattur úr 20% í 22%	16.640.202	8.987.658
	1.664.020	0
	18.304.222	8.987.658

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31. 12. 2017	31. 12. 2016
Framsýn Stéttarfélag	0	158.651
AFL starfsgreinafélag	0	32.523
Stéttarfélag Vesturlands	0	30.653
	0	221.827
Aðrar skammtímaskuldir	31. 12. 2017	31. 12. 2016
Ógreiddir styrkir	0	56.250
Ógreiddur kostnaður	2.267.206	1.101.716
	2.267.206	1.157.966

Sundurliðanir

	<u>2017</u>	<u>2016</u>
Rekstrartekjur		
Iðgjöld atvinnurekenda	485.768.653	414.134.615
Iðgjöld stéttarfélaga	121.365.209	103.483.629
	<u>607.133.862</u>	<u>517.618.244</u>
Úthlutaðir styrkir		
Fræðslustyrkir	407.947.956	390.752.666
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	34.759.213	25.013.677
Próunar og sérverkefni	2.683.656	450.000
Styrkir - fræðslustjóri að láni	12.312.250	8.240.659
Fagháskóli - þróun	7.568.824	0
Ráðstefnur SVS	928.832	0
Áttin - þróun	348.000	228.000
	<u>466.548.731</u>	<u>424.685.002</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Þóknun til VR	22.425.339	21.245.105
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	645.048	0
Rekstur Áttarinnar	538.925	0
Stjórnarfundir	548.491	247.181
Ýmsir fundir	217.947	13.258
Kynningarfundir	182.441	0
Útgáfa og prentun	394.529	397.927
Endurskoðun og reikningsskil	461.125	439.262
Aðkeypt tölvuþjónusta	302.566	1.705.999
Auglýsingar	35.600	65.649
Ferðakostnaður erlendis	379.194	0
Annar kostnaður	26.580	55.346
	<u>26.157.785</u>	<u>24.169.727</u>

